

*Sumarbústaðaland í Hvassahrauni á
Vatnsleysuströnd.*



Fornleifakönnun

Elín Ósk Hreiðarsdóttir

Fornleifastofnun Íslands

FS171-02031

Reykjavík 2002

Hvasshraun

© *Fornleifastofnun Íslands 2002*

Forsíðumynd er af GK-160:026 og GK-160:028

Efnisyfirlit

1. KAFLI: INNGANGUR.....	4
2. KAFLI. UM MAT Á ÁHRIFUM FRAMKVÆMDA Á MENNINGARMINJAR.....	5
3. KAFLI. FYRRI RANNSÓKNIR	6
4. KAFLI. FORNLEIFAR Á FYRIRHUGUÐU SKIPULAGSSVÆÐI.....	6
5. KAFLI. SKRÁ YFIR FORNLEIFAR.....	7
6. KAFLI. MINJAR Í HÆTTU Á FYRIRHUGUÐU SKIPULAGSSVÆÐI	22
7. KAFLI. TILLAGA UM AÐGERÐIR	23
8. KAFLI. NIÐURLAG	23
HEIMILDASKRÁ.....	24

Viðauki:

Kort af fornleifum á úttektarsvæðinu

1. kafli: Inngangur

Í tilefni af skipulagningu sumarbústaðabyggðar í landi Hvassahrauns fór eigandi landsins, Styrktarfélag vangefinna, þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að hún gerði fornleifaskráningu á skipulagssvæðinu.

Skráningin fór fram dagana 8. og 9. apríl og er í þessari skýrslu greint frá niðurstöðum hennar.

Við vettvangsathugun var loftmynd skoðuð, rætt var við staðkunnuga, gengið um skipulagssvæðið og minjastaðir staðsettir og athugaðir. Á grundvelli þessa var tekin saman skrá yfir fornleifar á svæðinu og hún skoðuð í ljósi fyrirhugaðra framkvæmda.

Í skýrslunni er fylgt hefðbundinni framsetningu Fornleifastofnunar á nauðsynlegum gögnum fyrir skipulagsgerð og greint frá lögbundnum forsendum fornleifakönnunar, takmörk rannsóknarsvæðis skilgreind, greint frá fyrri fornleifaathugunum á svæðinu, vettvangsrannsókn lýst, lagt mat á áhrif fyrirhugaðs skipulags og gerðar tillögur um aðgerðir. Sædís Gunnarsdóttir safnaði heimildum en Elín Ósk Hreiðarsdóttir sá um vettvangsvinnu og úrvinnslu skýrslu undir stjórn Orra Vésteinssonar fornleifafraeðings.

Heimildamaður um fornleifar í Hvassahrauni var Guðmundur Stefánsson og fær hann sérstakar þakkir fyrir aðstoðina.

2. Kafli. Um mat á áhrifum framkvæmda á menningarminjar

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Fornleifaskráning er bundin skipulagsgerð í þjóðminjalögum (nr. 107/2001) en þar segir í 11. gr.: “Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna“. Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: “Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.”

Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þesari löggjöf. Mat á áhrifum skipulags á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifa fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkjana, bænahúsa og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við fornleifaskráninguna.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu skipulagssvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 13. gr. þjóðminjalaga segir m.a.: „Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er... Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.“

3. Kafli. Fyrri rannsóknir

Miklum heimildum um fornleifar á Vatnsleysuströnd var safnað um og eftir miðja 20. öld við skráningu örnefna en aðrar vísbendingar um staðsetningu fornleifa í landi Hvassahrauns voru ekki til þegar Fornleifastofnun svæðisskráði jörðina árið 2000. Í tengslum við breikkun Reykjanesbrautar skráði Fornleifastofnun Íslands fornleifar á hluta jarðarinnar á vettvangi árið 2001.

4. Kafli. Fornleifar á fyrirhuguðu skipulagssvæði

Hér að neðan er birt skrá um fornleifar á skipulagssvæðinu og í næsta nágrenni þess, en staðir í túni Hvassahrauns, austan við skipulagssvæðið voru skráðir í sambandi við undirbúning að breikkun Reykjanesbrautar 2001. Aftast í skýrslunni er svo að finna loftmynd þar sem allir þekktir minjastaðir á og í námunda við skipulagssvæðið eru merktir inn. Upplýsingar um allar fornleifar sem vitað er um á skipulagssvæðinu og næsta nágrenni þess er að finna í skránni hér að aftan.

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Þá er hverri fornleif gefið númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: GK-160:024). Upplýsingar um hvern stað eru settar fram á staðlaðan hátt: Fyrst kemur kennitala staðarins í gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands, staðarheiti, tegund fornleifar, hlutverk og hnattstaðan í gráðum og mínútum. Þar næst kemur tilvitnun í heimild ef einhver er, lýsing á staðsetningu, aðstæðum og lokum aðrar upplýsingar, hættumat og heimildaskrá.

Í Hvassahrauni hafa samtals verið skráðar upplýsingar um 107 minjastaði. Í næsta kafla verður fjallað nánar um þá staði sem næstir eru fyrirhuguðu skipulagssvæði en það eru 66 minjastaðir.

5. Kafli. Skrá yfir fornleifar

GK-160 Hvassahraun

1703: Jarðadýrleiki óviss, konungseign. Hjáleigur í byggð 1703, Þóroddskot og tvær nafnlausar. Hvassahraunskot hjáleiga 1847. JJ, 91

1703: "Engjar eru öngvar. Úthagar, sem áður voru sémilegir, gánga mjög til þurðar, því hríssrifið eyðist." JÁM III, 156.

GK-160:001 *Hvassahraun* bæjarhóll bústaður 64°01.299N 22°08.584V

"Hvassahraunsbær stóð á klapparrana. Þar var oftast í fyrri daga tvíþýli, Austurbær og Vesturbær." segir í örnefnaskrá. Nú stendur bárujárnslædd timburbygging þar sem gamli bærinn (001) var áður. Guðmundur Sigurðsson man eftir eldra húsi (forsköluðu) á nákvæmlega sama stað og það hús sem nú stendur og taldi að þar hefði Vesturbærinn í Hvassahrauni staðið um langa hríð.

Húsið sem nú stendur á þessum stað er með steypum kjallara. Það er á hæð sem virðist að mestu náttúruleg enda túnið allt í hæðum. Víða sjást hleðslur í og við bæinn. Engar leifar um torfbyggingar hafa sést á þessum stað um áratugaskeið. Hóllinn er um 200 m norðan við Reykjanesbraut.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hvassahraun, 2

GK-160:002 heimild um hrútakofa 64°01.297N 22°08.512V

Tæpum 60 m suðaustan við Hvassahraunsbæinn (001) er merkt útihús á túnakorti frá 1919. Á þessum stað má sjá leifar lítils hrútakofa. Leifarnar sem nú má sjá eru um 15 m sunnan við 005 og 5 m suðvestan (við suðvesturhorn) útihúsasamstæðu sem stendur sunnan við Hvassahraunsbæinn. Þar eru leifar af steypu og grjóti á víð og dreif. Hann er um 200 m norðan við Reykjanesbraut. Leifar síðasta kofans á þessum stað sjást enn. Þær standa á ávari hæð sem er grasi gróin (sama hæð og bærinn í Hvassahrauni er á). Kofinn er 3 X 4,5 m að stærð.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-160:003 heimild um lambhús 64°01.305N 22°08.510V

Um 50 m suðaustan við Hvassahraunsbæ (001) var áður lambhús. Kofinn hefur verið nálega þar sem suðurjaðar útihúsasamstæðunnar sunnan við Hvassahraun er nú. Á þessum stað hefur verið steipt viðbygging en mikið af grjóti er í nágrenninu og virðist hafa verið rutt úr tóftinni. Tóftin hefur verið tæpum 200 m norðan við Reykjanesbraut. Á svipuðum stað og útihús standa nú, á sömu hæð og 001 er á.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919


GK-160:004 *Þjófagerði* hrútakofatóft 64°01.354N 22°08.504V

"Norðan við Langhól voru leynir og Þjófagerði, krika á milli hóla. Þegar verið var að verja túnið, gátu kindur oft laumazt þangað án þess að nokkur sæi." segir í örnefnaskrá. Norðvestast við Langhól var byggður hrútakofi og sjást tóftir hans enn greinilega. Tóftin er um 130 m austan við bæ (001) og rúmum 200 m norðan við Reykjanesbraut.

Tóftin er við langan klettahól og allt umhverfis er grasi vaxið hraun í dældum og hæðum. Tóftin er einföld. Hún er 6 m á lengd en 5 m á breidd og snýr suðvestur-norðaustur. Op er norðausturvegg. Tóftin hefur verið hlaðin úr grjóti en er nú alveg gróin að utan. Hún er enn nokkuð stæðileg eða um 1,3 m á hæð. Að innan er tóftin grjóthlaðin en aðeins er byrjað að hrynja inn í hana, hún er 2 X 3 m að innanmáli.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919 og Ö-Hvassahraun, 3



GK-160:005 hleðsla útihús 64°01.297N 22°08.532V

Um 40 m suðaustan við Hvassahraunsbæ (001) var hús samkvæmt túnakorti frá 1919. Grunnhleðslur hússins sjást enn fast vestan við útihúsasamstæðuna sunnan við (001) og tæpum 200 m norðan við Reykjanesbraut. Hleðslurnar sjást á

Hvassahraun

grasi vaxinni hæð (þeirri sömu og bærinn stendur á). Greinilegt er hvar húsið hefur staðið og einnig innanmál þess (7 X 7 m). Norður- og austurveggir tóftarinnar eru greinilegir en hinir eru næsta ógreinilegir. Hæð hleðslna er einungis um 0,3 m. Ekki er hægt að greina op á tóftinni en svo virðist sem veggir hennar hafi verið mjög þykkir eða um 1,5 m.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-160:006 heimild um útihús 64°01.303N 22°08.552V

Um 10 m norðvestan við 005 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1919. Húsið hefur staðið um 30 m suðaustan við bæinn (001). Á þessum stað er nú lítil hæð í hlaðinu en engar leifar af húsinu sjást. Húsið hefur verið um 200 m norðan við Reykjanesbraut.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-160:007 *Hvassahraun 2* bæjarstæði býli 64°01.311N 22°08.557V

"Í Hvassahrauni 2, sem líka var grasbýli ..." Um 30 m suðaustan við 001 er merkt hús inn á túnakort. Guðmundur Sigurðsson telur þetta (eða 008) vera það hús sem kallað var Austurbær eða Hvassahraun 2. Húsið hefur staðið um 200 m norðan við Reykjanesbraut. Húsið var nokkru suðaustar en 001 á sömu hæð. Þar er nú hlað.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: GJ: Mannlíf og mannvirki, 368

GK-160:008 heimild um útihús 64°01.308N 22°08.556V

Um 30 m suðaustan við bæ (001) er merkt hús inn á túnakort frá 1919. Það hefur staðið fast (innan við 5 m) vestan við 007. Engin ummerki sjást nú um húsið en það hefur staðið nálægt 200 m norðan Reykjanesbrautar.

Þar sem húsið hefur staðið er nú hlað. Það hefur staðið á sömu hæð og 001.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-160:009 heimild um útihús 64°01.312N 22°08.559V

Um 40 m suðaustan við bæinn (001) var, samkvæmt túnakorti frá 1919, áburðarþró með salerni. Hún hefur verið um 5 m austan við 010 og nálægt 200 m norðan við Reykjanesbraut. Á þessum stað er nú hlað og engin merki um mannvistarleifar sjást.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-160:010 heimild um útihús 64°01.314N 22°08.567V

Tæpum 25 m suðaustan við bæ (001) og tæplega 5 m austan við 011 er merkt hús inn á túnakort frá 1919. Húsið hefur nú verið jafnað við jörðu en var um 200 m norðan við Reykjanesbraut. Engin merki sjást nú um húsið en það hefur staðið í námunda við grasi vaxinn hól, Fjóshóllinn og er því ekki ólíklegt að það hafi verið fjós.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919


GK-160:011 heimild um útihús 64°01.311N 22°08.576V

Tæpum 20 m austan við 001 og fast suðvestan við 010 var tóft samkvæmt túnakorti frá 1919. Hún hefur staðið um 200 m norðan við Reykjanesbraut. Tóftin hefur verið í námunda við Fjóshól og er því mögulegt að þar hafi verið fjós. Ekki sjást ummerki um hana lengur.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-160:012 útihústóft 64°01.299N 22°08.621V



Um 140 m sunnan við gamla bæinn sjást enn leifar útihúss sem merkt er inn á túnakort frá 1919. Útihústóftin er fast norðan við túngarðinn (sem er fremur stæðilegur á þessum slóðum- 078) en 20 m norðan við vírgirðingu sem nú er notuð til að girða af tún. Tóftin er 50-60 m neðan við Reykjanesbraut.

Tóftin er á hæð í grasi grónu hrauni. Allt umhverfis skiptast á hæðir og dældir. Tóftin er einföld og ferhyrnd, um 6 m á breidd en 6,5 m á lengd. Hún er hlaðin úr grjóti en er alveg gróin að utan. Op er nyrst á vesturhlíð tóftarinnar.

Hættumat: mikil hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-160:013 heimild um útihús 64°01.343N 22°08.410V

Um 90 m suðvestan við fjárréttina (160:023) er merkt útihús inn á túnakort frá 1919. Engar leifar þessa húss sjást en

Umhverfismat

Það hefur staðið þar sem nú er fremur slétt, afgirt tún. Húsið hefur verið um 155-185 m norðan við Reykjanesbraut. Hæð er í túni á svipuðum stað og útihúsið var.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-160:014 heimild um útihús

64°01.386N 22°08.463V

Um 60 m norðnorðaustur af fjárréttinni (023), sem er enn við túngarðinn, er merkt inn á túnakort útihús í hringlaga gerði. Útihúsið virðist eiga að vera um 200 norðnorðaustur af Hvassahraunsbænum. Tóftin hefur þá verið 250-300 m norðan við Reykjanesbraut.

Þar sem húsið og garðlagið eiga að hafa verið er mosavaxið hraun með klettadröngum og litlum hólum. Engin ummerki um fornleifar eru merkanlegar á þessum slóðum og erfitt að ímynda sér að þar hafi verið útihús og gerði í kring. Utan (austan) við túngarð, en nokkru neðar er hins vegar 160:088 sem gæti hæglega verið það sama og 014 ef 014 er merkt ónákvæmlega inn á túnakortið. Þar sést hringlaga garðlag en engar leifar útihúss enda virðist garðlagið undir það síðasta hafa verið notað sem kálgarður. Guðmund Sigurðsson rámar í hús á þessum stað. Garðlagið er tæplega 300 m norðaustur af bæ (sjá 160:088).

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-160:015 útihústóft

64°01.393N 22°02.632V

Fast aftan við 019 er sýnt annað hús í Norðurkoti sem snýr þvert á 019. Þetta hús var fast upp við 019 en þó var það ekki sambyggt samkvæmt túnakorti frá 1919. Nú hafa veggir húsanna hrunið nokkuð og því má telja þau samtengd. Tóftin er 400-450 m norðan við Reykjanesbraut. Norðurkot er á hæð og allt umhverfis er grasigróið tún, ræktað upp á hraunsvæði. Túnið er allt í hæðum og dældum. Tóftin er einföld og snýr austur-vestur og er 9 X 6 m að stærð og ekki er veggur fyrir vesturhlíð. Hólfin eru grjóthlaðin en gróin að utan. Mikið grjót hefur fallið inn í tóftina. Hleðslur hennar eru um 1,5 m á hæð (sjá teikningu við 160:019).

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-160:016 útihústóft


64°01.406N 22°08.627V

Í Norðurkoti var útihús um 20-30 m norðnorðaustan við sjálfa bæjartóftina (019). Tóftin er um 5 m innan (vestan) við túngarð og stendur á grasi grónum hól. Hún er tæpa 200 m norðan við bæ (001) en tæpum 400 m neðan við Reykjanesbraut. Tóftin stendur á grasi grónum hraunhól en túnið umhverfis er í lautum og hæðum.

Hún er enn mjög stæðileg. Hún er um 12 m á lengd en um 6,5 m á breidd og einföld. Op er á miðjum vesturvegg. Tóftin er hlaðinn úr grjóti en er vel gróinn að utan. Að innan eru veggir byrjaðir að hrynja ofan í tóftina þannig að innanmál hennar er einungis um 9 X 2 m. Veggir tóftarinnar hafa verið mjög þykkir (1,5 m) en það sést á innganginum.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919



GK-160:017 heimild um útihús

64°01.358N 22°08.719V

Fast norðvestan við Niðurkots-tóftina (020) var útihús samkvæmt túnakorti frá 1919. Tóftin hefur staðið 300-350 m norðan við Reykjanesbraut. Þar sem húsið stóð er grasi vaxið hraunlendi en engin merki um tóftina sjást.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-160:018 útihústóft


64°01.392N 22°08.700V

Tæpa 200 m norðnorðvestur af Hvassahraunsbæ (001) er útihús merkt inn á túnakort frá 1919. Óljósar leifar sjást enn af útihúsinu sem er um 55 m vestan við Norðurkot (019) og 55 m norðaustan við Niðurkot (020). Túngarðurinn liggur við tóftina en rof er í garðinn þar sem tóftin er. Tóftin er rúmum 400 m neðan við Reykjanesbraut. Grasi vaxið hraun. Mikið um hæðir og dældir.

Tóftin er einföld. Hún er 4 m á lengd en 3 m á breidd. Enginn austurveggur er á tóftinni. Í vesturvegg innanverðum má sjá greinilega grjóthleðslu en annars staðar er tóftin gróin og um 0,3 m á hæð.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919




Hvassahraun

GK-160:019 *Norðurkot* býlistóft

64°01.386N 22°08.632V

"Á hægri hönd við Sjávargötuna voru ýmis kot, einu nafni nefnd Hvassahraunskotin. Þar var Suðurkot og Suðurlotsgerði. Norðurkot með Norðurlotsgerði ..." segir í örnefnaskrá. Um 185-195 m norðan við Hvassahraunsbæinn var Norðurkot og sjást merki þess enn greinilega. Norðurkot er um 80-90 m norðaustan við Niðurkot og útihúsið norðaustan við kotið er um 5 m innan við túngarð. Tóftin er tæpum 400 m neðan við Reykjanesbraut. Norðurkot er á hæð og allt umhverfis er grasigróið tún, ræktað upp á hrauni. Túnið er allt í hæðum og dældum.

Tóftin snýr norðaustursuðvestur. Fast aftan austan við hana er önnur tóft sem snýr þvert á hana og eru þær nú




samgrónar (sjá 160:015). Tóftin er 12,5 X 8 m að stærð. Enginn suðvesturvegur er á tóftinni. Hólfíð er grjóthlaðið en gróið að utan. Mikið grjót hefur fallið inn í það. Norðvestan við bæinn er djúp dæld og hlaðið umhverfis hana. Suðvestan við bæinn má sjá óljósar leifar garðlags sem girt hefur af ræktaðan blett. Suðaustan við bæinn eru einnig nokkrar hleðslur garðlags sem girt hefur af tún.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hvassahraun, 3-4

GK-160:020 *Niðurkot* býlistóft

64°01.358N 22°08.713V



"Á hægri hönd við Sjávargötuna voru ýmis kot, einu nafni nefnd Hvassahraunskotin. Þar var Suðurkot og Suðurlotsgerði. Norðurkot með Norðurlotsgerði, þá var Niðurkot og Niðurkotstún ..." segir í örnefnaskrá. Rúma 120 m norðvestan við bæ (001) sjást enn leifar Niðurkots. Kotið er um 80 m suðvestan við Norðurkot og 300-350 m neðan við Reykjanesbraut. Tóftin er á grasi gróinni hraunhæð en allt umhverfis eru dældir og hæðir.


Tóftin er einföld, um 7 m á lengd en 6 m á breidd. Enginn vesturvegur er fyrir tóftinni. Hún hefur verið hlaðin úr grjóti en er alveg gróin að utan. Hæð hleðslna er 1,3 m.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hvassahraun, 3-4

GK-160:021 *Þorvaldskot* býlistóft

64°01.439N 22°08.770V



"Á hægri hönd við Sjávargötuna voru ýmis kot, einu nafni nefnd Hvassahraunskotin. Þar var Suðurkot og Suðarkotsgerði. Norðurkot með Norðarkotsgerði, þá var Niðurkot og Niðarkotstún, líka Þorvaldskot og Þorvaldskotstún. Sjást þar alls staðar rústir." segir í ornefnaskrá. Samkvæmt lýsingu virðist Þorvaldskot hafa verið nyrsta kotið í túni Hvassahrauns, fremur nálægt sjó. Guðmundur Sigurðsson man ekki eftir þessu heiti en taldi að lýsingin gæti helst átt við tóftir um 300 m norðvestan við bæ. Þar er hringlaga túngarður og tóft í miðjunni. Tóftin er rúmum 500 m norðan Reykjanesbrautar. Tóftin og garðlagið umhverfis eru á grasi grónu svæði fast ofan við fjöruborðið. Svæðið samanstendur af einni einfaldri tóft sem er um 16 X 6 m að stærð og er opin til norðurs og túngarði sem liggur umhverfis hana. Tóftin er hlaðin úr grjóti en er mjög gróin að utan. Grjóthleðslur eru byrjaðar að falla inn í tóftina og því er hún aðeins 3 X 9 m að innanmáli. Stærð túngarðsins að innan er 35 m X 24 m. Hleðslur tóftarinnar eru mest 1,5 m á hæð en túngarðurinn er 0,3 m á hæð. Tóftin var þaklaus undir það síðasta og var notuð í tengslum við sjósókn.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ó-Hvassahraun, 3-4

GK-160:022 *Kirkjuhóll* heimild um huldufólksbústað 64°01.388N 22°08.541V

"Kirkjuhóll er í Norðurtúni og Kirkjuhólsflöt. Hóllinn er einnig nefndur Álfahóll, því að þar messaði huldufólkið." segir í ornefnaskrá. Skáhallt suðaustur af Norðurkoti er aflöng klöpp eða hóll sem liggur norðvestur-suðaustur og var nefndur Kirkjuhóll. Hóllinn er um 300 m norðan Reykjanesbrautar. Gróinn aflangur hraunhóll í túni (ræktuðu upp á hraunsvæði). Klöppin er mjög löng og í suðausturenda hennar er fjárréttin (023).


Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ó-Hvassahraun, 4

GK-160:023 réttartóft 64°01.362N 22°08.500V

Um 25 m norðaustan við Þjófagerði (004) er gömul rétt sem hlaðin er upp við túngarðinn og er merkt inn á túnakort frá 1919. Réttin er um 130-140 m norðaustan við bæinn (001) og rúmum 200 m norðan við Reykjanesbraut. Hún er byggð utan í klapparhól sem myndar vestur (norðvestur) hlið hennar. Allt umhverfis er gróið hraunlendi. Réttin samanstendur af einu hólfí. Vesturvegginn myndar klöppin og suðurvegginn myndar túngarðurinn. Aðrir veggir eru sérstaklega

Hvassahraun



hlaðnir. Tóftin er að innanmáli 12-13 m á lengd en um 6 m á breidd. Hæð hleðslna er um 1 m og breidd er svipuð. Réttin er alveg grjóthlaðin.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

GK-160:024 heimild um rétt

64°01.545N 22°08.778V

"Ofan sjávarkampsins er fjárréttin gamla." segir í örnefnaskrá. Fjárréttin er nú horfin en hún var fast austan við Bæjarvík, um 150 m austan við 103. Fjárréttin stóð þar sem laut er milli sjávarkampsins og hraundans.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hvassahraun, 4

GK-160:025 vegur leið


64°01.294N 22°08.591V

Heimreiðin að Hvassahraunsbænum (001) er enn á sama stað og hún var merkt inn á túnakort frá 1919. Gatan liggur vestur frá bænum og má sjá hleðslu undir veginum, nálægt bænum og um 200 m norðan við Reykjanesbraut. Vegurinn liggur yfir gróin tún. Hann er mest hlaðinn í um 0,3-0,4 m hæð. Hann er um 2,5 m á breidd.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

GK-160:026 Naustið hleðsla naust

64°01.407N 22°08.983V



"Næst er svo Hvassahraunsvör eða Vörin. Hún er einnig nefnd Lendingin og Víkin stundum kölluð Lendingarvík. Upp af Vörinni var Naustið." segir í örnefnaskrá. Í fjöruborði Lendingarvíkur er hlaðið naust og um 10 m vestan er lítil ferhyrnd tóft á hæð ofan við fjöruborðið. Naustið er nálægt því að vera um 380 m norðvestan við bæinn. Það er 10 m norðan við garðlög (028).


Naustið er 510-520 m neðan við Reykjanesbraut. Hleðslan er í fjöruborðinu en 10 m norðvestar er lítil, ferhyrnd hlaðin tóft á hæð við fjöruborðið. Í fjörunni eru hleðslur (A) upp af lendingunni sem mynda V-laga hólf. Hólfíð er um 10 m á lengd en um 1 m á breidd innst en tæpir 6 m yst. Hæð hleðslna er 0,8 m og þær eru aðeins greinilegar að innan þar sem þær hafa verið hlaðnar upp í bakkana ofan fjöruborðsins. Steypt hólf (0,8 X 4 m) er í austurhlíðinni en þar var grásleppa söltuð. Um 10 m vestan við hleðsluna er lítil ferhyrnd tóft á hæð við fjöruna (B). Tóftin er um 6,5 m á lengd en 4,5 m á breidd og snýr austur vestur. Op virðist hafa verið á austurvegg miðjum. Tóftin er alveg hlaðin úr grjóti og er 0,3 m á hæð.

Hættumat: mikil hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hvassahraun, 4

GK-160:028 garðlag

64°01.407N 22°08.985V



Um 300 m norðvestur af Hvassahraunsbæ (001) og upp af naustinu (026) eru nokkur garðlög. Garðlöggin liggja í hálfhring í kring um lítil timburhús í fjöruborðinu. Garðlöggin eru um 480-490 m norðan við Reykjanesbraut. Garðlöggin liggja á grasi grónu svæði að mestu umhverfis lítinn timburkofa ofan við fjöruborðið. Garðlag liggur í hálfhring umhverfis kofann er um 65 m langt. Út frá því liggja svo þrjár garðar. Til vesturs liggur einn þeirra en beygir svo eilítið til norðurs áður en hann fjarar út (um 40 m á lengd). Annað garðlag liggur frá austurenda

garðsins og til suðausturs að timburhúsinu (um 16 m að lengd) og þriðja garðlagið liggur niður úr hálfhringnum til norðvesturs (um 7 m). Garðlöggin eru víðast um 1 m á breidd en 0,3 m á breidd og nokkuð hrunin.

Hættumat: mikil hætta vegna framkvæmda

GK-160:033 *Látur* bæjarstæði býli 64°01.206N 22°09.589V

"Vestan Látra tók við Vesturhraun. Þar, er talið, að staðið hafi bær, sem lagðist af við hraunrennslið, nefndist Látur." segir í örnefnaskrá. Látur eru um 800 m vestan við Hvassahraun. Ekki sjást nein merki um bæjarstæði á þessum slóðum. Á svipuðum stað voru hlaðnar 3 tóftir og nokkrar vörður úr grjóti fyrir tókur á kvikmyndinni "Myrkrahöfðinginn". Látur eru um 150 m norðan við Reykjanesbraut. Þröng vík með mörgum skerjum.



Garðhleðslur og naust, horft til suðausturs

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hvassahraun, 6

GK-160:034 *Markvarða* varða

64°00.977N 22°10.339V

"... þar næst er svo Fagravík sem er norður af Afstapavörðu sem er uppi á brunann um ofan við veginn." segir í örnefnaskrá. Á öðrum stað er sama varða nefnd Markvarða eða Fögruvíkvarða. Að sögn Guðmundar Sigurðssonar voru öll þessi nöfn notuð um sömu vörðuna sem er 80 m sunnan Reykjanesbrautar. Upp af Fögruvík er enn lítil tjörn. Suður frá austanverðri víkinni er Afstapapúfa sem er að mestu sunnan Reykjanesbrautar. Markvarðan var upp á háhól Afstapapúfu. Afstapapúfa er kletthæð fast ofan Reykjanesbrautar. Hæðartoppurinn er grasi vaxinn.

Efst á Afstapapúfu er varða sem þó virðist ekki mjög fornleg, e.t.v. hefur hún verið endurhlaðin. Varðan er um 0,6-0,7 m á hæð. Er nálægt því að vera um 1 m í þvermál.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hvassahraun, 7 og Ö-Hvassahraun AG, 2.

GK-160:035 *Þvottagjá* örnefni þvottastaður

64°01.111N 22°09.050V

"Næst veginum er Helguhola. Þá er Þvottagjá og fjærst Ullargjá. Þar var þvegin ull." segir í örnefnaskrá. Um 20-30 m sunnan Reykjanesbrautar er Þvottagjá. Í raun er ekki um gjá að ræða heldur litla tjörn í hraunlendi. Um 5 m norðaustar er Helguhola sem er mun minni pollur. Báðar tjarnirnar sjást frá Reykjanesbraut. Tjörnin er í grónu hrauni. Engar mannvistaleifar eru nú merkjanlegar við tjörnina.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hvassahraun, 7

GK-160:036 *Ullargjá* heimild um þvottastað

64°01.092N 22°09.100V

"Næst veginum er Helguhola. Þá er Þvottagjá og fjærst Ullargjá. Þar var þvegin ull." segir í örnefnaskrá. Um 50 m suðvestan við Þvottatjörn (035) er Ullargjá, í hvarfi frá Reykjanesbraut. Tjörnin er stærst tjarnanna þriggja og er hún í e.k. jarðsigi. Tjörnin er um 80 m sunnan Reykjanesbrautar. Tjörnin er í jarðsigi í hraunlendi en engar mannvistarleifar eru í námunda við hana.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hvassahraun, 7

GK-160:037 *Hjallhólaskúti* hleðsla fjárskýli

64°01.237N 22°08.386V

"Hellur eru suður og upp frá Tröðunum. Lítið eitt vestar eru Hjallhólar og Hjallhólaskúti þar í. Hann var fjárbyrgi." segir í örnefnaskrá. Hjallhóll er rétt suðaustan túns en fast neðan Reykjanesbrautar. Hóllinn er 210-220 m suðaustan við bæ (001). Frá Reykjanesbrautinni er opið í hellinn greinilegt enda hellirinn innan við 20 m norðan við Reykjanesbraut. Hraunhóll með jarðsigi. Gengið er ofan í dældina að sunnan og gefur þá að líta klettaveggi sem slúta inn og mynda þannig skjól. Hellar eða skjól eru bæði á austur- og vesturvegg. Austari hellirinn er líklega sá sem notaður hefur verið sem fjárskýli. Hann er um 10 m á lengd en 4-5 m á dýpt. Hellinum lokar að hluta náttúruleg upphækkun en ofan á hana hefur að hluta verið hlaðinn 5-7 m langur veggur.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hvassahraun, 7-8

Hvassahraun

GK-160:043 *Hvassahraunselsstígur* heimild um leið 64°01.290N 22°08.429V
"Hvassahraunselsstígur liggur frá bænum og upp í selið og er nokkuð greinilegur á köflum þó svo að við göngum ekki að honum vísnum við Reykjanesbrautina." Ekki sjást greinileg merki stígsins fyrr en alllangt ofan við Reykjanesbraut. Gatan hefur legið frá bænum á svipuðum stað og tröðin (079) suðaustur frá bænum. Stígurinn lá frá Hvassahraunsbæ til suðausturs út túnið (við traðirnar). Síðan lá hann áfram til suðausturs um gróið hraunið sunnan Reykjanesbrautar og að selinu. Stígurinn er ekki greinanlegur í námunda við Reykjanesbraut.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 93

GK-160:059 gerði kálgarður 64°01.353N 22°08.740V
Um 10 m norðvestan við 020 sjást enn greinilegar leifar kálgarðs. Í garðinum stendur nú lítill kofi. Garðurinn er um 310-330 m norðan við Reykjanesbraut. Garðurinn er á grasi grónu svæði. Garðurinn er gróinn og alveg hruninn á kafla. Hann er um 45 X 38 m að stærð en rofinn og útfluttur á köflum. Hann er um 1 m á breidd en 0,4 m á breidd.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

GK-160:061 brunnur vatnsból 64°01.286N 22°08.607V
"Brunnur er suður af bæ." segir í örnefnaskrá. Um 15 m suðvestan við íbúðarhúsið á Hvassahrauni er brunnurinn enn, að því er virðist óskemmdur. Brunnurinn er fast norðan við heimreiðina að Hvassahrauni og um 200 m norðan Reykjanesbrautar. Grasi vaxið svæði í námunda við bæinn. Yfir brunninn hafa verið settar bárujárnsplötur og á þær steinar og því er ekki hægt að greina stærð hans eða gerð. Svo virðist þó sem hann hafi verið grjóthlaðinn að innan og fremur stór.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hvassahraun AG, 2

GK-160:062 heimild um brunn 64°06.256N 22°08.627V
Um 80-90 m suðvestan við bæ (001) er brunnur merktur inn á túnakort frá 1919. Brunnurinn hefur verið nálægt 120 m norðan Reykjanesbrautar. Á þessu svæði eru nú sléttuð tún. Brunnurinn sést ekki lengur en þar sem hann mun hafa verið er hringlaga hvompa um 4-5 m í þvermál og eru það líklega síðustu menjar brunnsins.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

GK-160:071 *Suðurkot* bæjarstæði býli 64°01.318N 22°08.369V
"Á hægri hönd við Sjávargötuna voru ýmis kot, einu nafni nefnd Hvassahraunskotin. Þar var Suðurkot og Suðarkotsgerði." segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað hvar Suðurkot var. Suðaustan við Hvassahraunsbæinn (001) voru tún nefnd Suðurtún og því eðlilegt að álykta að á þeim slóðum hafi Suðurkot verið. Hins vegar ber að hafa í huga að Sjávargata er sögð liggja frá bænum (Hvassahrauni) og niður að sjó og Suðurkot er sagt austan hennar. Samkvæmt því ætti því Suðurkot að vera norðan bæjar! Ef svo hefur verið má vera að hringlaga garðlag sunnan Norðarkots (þar sem einu sinni var tóft inni í 160:088) gæti hafa kallast Suðurkot. Garðlagið sem enn sést er a.m.k. sunnar en önnur kot sem þekkt eru í túninu. Um þetta verður þó ekkert fullyrt. Grasi gróið hraunsvæði þar sem skiptast á hæðir og dældir.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hvassahraun, 3

GK-160:072 *Hvassahraunslending* mannvirki lending 64°01.413N 22°08.967V
"Næst er svo Hvassahraunsvör eða Vörin. Hún er einnig nefnd Lendingin og Víkin stundum kölluð Lendingarvík." segir í örnefnaskrá. 1703 er heimræði og brimsöm lending. Í Bæjarvík var lending heimamanna og hefur hún vísast verið á svipuðum slóðum um aldanna rás. Enn má sjá rudda braut norðvestur af 160:026 og svo virðist sem önnur rudd braut sé í fjörunni rétt suðaustur. Brautirnar eru um 500-550 m norðan Reykjanesbrautar. Fjaran er fremur grýtt og nokkrir klettur eru þar. Á þessum stað virðist mega sjá móta fyrir 2 lendingum. Önnur liggur upp fjöruna í átt að naustum (026) þar sem bátar hafa verið geymdir en hin liggur skáhallt upp í fjöruna.

Hættumat: mikil hætta vegna framkvæmda

Heimildir: JÁM III, 156 og Ö-Hvassahraun, 4

GK-160:074 bæjarstæði býli 64°01.303N 22°08.558V
Hjáleiga í byggð 1703 samkvæmt Jarðabók. Þar er getið um 4 hjáleigur og aðeins nefnt nafn einnar þeirrar (Þóroddskots 076). Ekki er vitað um staðsetningu hjáleignanna en líklegt verður að teljast að a.m.k. einhverjar þeirra hafi verið á svipuðum stað og leifar þeirra býla sem enn sjást (Norðurkot, Niðurkot, Þorvaldskot).

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: JÁM III, 156

GK-160:075 bæjarstæði býli 64°01.308N 22°08.556V
Hjáleiga í byggð 1703 samkvæmt Jarðabók. Þar er getið um 4 hjáleigur og aðeins nefnt nafn einnar þeirrar (Þóroddskots 076). Ekki er vitað um staðsetningu hjáleignanna en líklegt verður að teljast að a.m.k. einhverjar þeirra hafi verið á svipuðum stað og leifar þeirra býla sem enn sjást (Norðurkot, Niðurkot, Þorvaldskot).

Umhverfismat

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: JÁM III, 156-157

GK-160:076 Þóroddskot bæjarstæði býli

64°01.309N 22°08.554V

Hjáleiga í byggð 1703. Ekki er vitað hvar Þóroddskot hefur verið. Möguleiki er að býlið Þorvaldskot sé afbökun á nafninu og það hafi áður heitið Þóroddskot. Ekkert er þó hægt að fullyrða um þetta.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: JÁM III, 157

GK-160:077 Saunghóll bæjarstæði býli

64°01.325N 22°08.385V

Í skýrslu um ábúendur í Kálfatjarnarsókn um 1840 nefnir prestur býlið Saunghól sem hjáleigu frá Hvassahrauni. Þar hafði ekki verið byggð 1803 og virðist búskapur þar hafa verið skammvinnu, ef til vill nokkur ár um 1830. "Sönghóll var í Austurtúni. Hann var álitinn hulduhólksbústaður. Þar var Sönghólsbær, stundum tvíbýli, og man Guðmundur [heimildamaður] eftir görðum þar." segir í örnefnaskrá. Sönghóll var einnig stundum nefndur Einbúi. Hann sést enn 50-70 m norðaustur af bænum. Engar leifar býlis sjást á þessum stað sem er um 200 m neðan Reykjanesbrautar. Lítil klettahóll, nokkuð gróinn er þó má sjá klappir standa upp.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: JJ, 91; Ö-Hvassahraun, 3

GK-160:078 garðlag túngarður

64°01.228N 22°08.605V

"Túnið var girt túngarði, aðallega austan og sunnan. ... Á túngarðinum var Traðarhlið." segir í örnefnaskrá. Túngarðurinn sem liggur umhverfis tún í Hvassahrauni er enn greinilegur víðast hvar. Suðurgarðurinn sést næstum alveg og svipaða sögu er að segja með austurhlutann. Að vestan og norðan er garðurinn slitróttari þó hann sé þar líka greinilegur á löngum köflum. Garðurinn er minnst í um 30-40 m fjarlægð (norðan við) frá Reykjanesbraut. Garðurinn liggur umhverfis túnið sem er gróið hraunlendi með tilheyrandi dældum og hæðum. Garðurinn liggur í nokkrum hlykkjum eftir hrauninu. Hann er víða nálægt því að vera 0,6 m á hæð og nálega 1 m á breidd.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hvassahraun, 2-3

GK-160:079 Hvassahraunstraðir heimild um traðir

64°01.290N 22°08.420V

"Hvassahraunstraðir lágu í suðaustur frá bænum." segir í örnefnaskrá. Hvassahraunstraðir lágu frá bænum (001) til suðausturs um húsaþyrpinguna (bæjarhólinn) og áfram til suðausturs til enda túnsins minna en 100 m norðan Reykjanesbrautar. Göturarnar lágu um ræktuð tún á hraunsvæði. Varla má nú greina nokkrar leifar traðanna. Helst er að móti fyrir óljósum slóða í túni suðaustan við bæ.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hvassahraun, 2-3

GK-160:080 Fjóshóll örnefni fjós

64°01.314N 22°08.514V

"Fjósatunga var hluti túnsins, suður frá bænum. Þar rétt hjá var Fjóshóll og annar hóll, Einbúi." segir í örnefnaskrá. Fjóshóll er 20-30 m norðaustan við bæinn (001), nálægt bæði 010 og 011. Líklegt er að annað hvort þeirra hafi verið fjós og við það sé hóllinn kenndur en ekki verður fullyrt um það. Hóllinn er um 200 m norðan við Reykjanesbraut. Hraunhóll vaxinn grasi eins og túnin umhverfis.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hvassahraun, 3


GK-160:081 tóft útihús

64°01.288N 22°08.599V

Um 2-3 m norðan við brunninn (061) og um 15 m sunnan (suðvestan) við Hvassahraunsbæ (001) er lítil tóft. Tóftin er í brekkurótum bæjarhólsins og fast norðan við heimreiðina. Tóftin er um 200 m norðan við Reykjanesbraut. Tóftin stendur á grasi vöxnu svæði í brekkurótum. Tóftin er 2,5 X 2,5 m að stærð. Svo virðist sem op sé á suðurvegg hennar austast. Mikið virðist hrúnið inn í hana og þar er einnig talsvert rusl þannig að erfitt er að sjá hana að innan. Þó virðist hún grjóthlaðin og e.t.v. um 1,5 m á hæð, niðurgráfin. Að utan er tóftin gróin.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hvassahraun, 3



GK-160:082 Kvíadalur heimild um kvíar

64°01.303N 22°08.309V

"Kvíadalur er einnig í Suðutúni og Hjallhólar. Í Kvíadal voru ærnar mjólkaðar ..." segir í örnefnaskrá. Örnefnið þekkist nú ekki lengur. Hjallhólar eru hins vegar þekktir og eru þeir rétt sunnan við túngarð en norðan Reykjanesbrautar. Kvíadalur gæti hugsanlega verið dæld eða dalur norðaustan við Hjallhóla. Engar mannvirkjaleifar er

Hvassahraun


að finna neins staðar í Suðurtúni. Kvíarnar voru sennilega þar sem nú stendur rétt og braggi en ekkert verður um það fullýrt. Þetta svæði er 50-100 m norðan Reykjanesbrautar. Hraunsvæði.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hvassahraun, 3

GK-160:083 tóft

64°01.255N 22°08.829V



Einföld, grjóthlaðin tóft er um 200 m suðvestan við Hvassahraunsbæ (001) og um 70-80 m vestan við vegaslóða sem liggur um sumarbústaðaland



tóft, horft til suðausturs

Hvassahrauns. Um 3 m norðan við tóftina liggur vírgirðing (austur-vestur) sem girðir af sumarbústaðinn Þórshamar sem er þar norðan við. Tóftin er um 200 m norðan við Reykjanesbraut. Mosa- og grasi vaxið klettasvæði með mikið af dældum og hæðum. Tóftin er einföld og um 5 m á lengd en 3 m á breidd. Hún er hlaðin úr grjóti, og nokkuð sigin en þó um 0,9 m á hæð.

Op er á miðjum norðurvegg. Inni í tóftinni er talsvert grjót sem hefur hrunið úr veggjum hennar. Garðlag, sem virðist angi túngarðsins (078) liggur frá heimreiðinni og að tóftinni.

Hættumat: mikil hætta vegna framkvæmda

GK-160:084 Vatnsgata heimild um leið

64°01.144N 22°09.078V

"Vatnsgatan lá heima frá bæ suðvestur í Vatnsgjárnar sunnan þjóðveggarins." Einnig nefnd Suðurtraðir. segir í örnefnaskrá. Vatnsgatan lá frá Hvassahraunsbæ og að Vatnsgjám. Gatan hefur vísast fylgt bæjartröðinni (025) innantúns en legið áfram til suðausturs. Engin merki um götuna eru nú greinanleg, hvorki í túni eða við Reykjanesbrautina en hún var lögð þvert á leiðina. Gatan hefur legið um gróið hraun, e.t.v. á kafla á svipuðum slóðum og vegur liggur nú í Hvassahraunslandi samsíða Reykjanesbraut.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hvassahraun, 3-4

GK-160:085 hellir fjárskýli

64°01.384N 22°08.712V

Um 55 m norðnorðvestan við Norðurkot (019) og um 45 m suðaustan við Niðurkot (20) er hellir í jörðu eða jarðsig. Svo lítur út sem þarna hafi verið fjárskýli um 10 m vestan við 018 og rúmum 400 m norðan við Reykjanesbraut. Jarðsig í grónu hraunlendi. Túngarður liggur að hellinum en er rofinn þar sem hellirinn/jarðsigið er. Skjól er á þessum stað þar sem brúnir jarðsigsins slúta fram og mynda helli eða skúta. Ofan í jarðsiginu miðju má greina um 2,5 m langa hleðslu en vel er gróið yfir jarðsigsbotninn svo erfitt er um það að segja. Hægt er að fara ofan í jarðsigið að norðvestan. Það er um 7 m í þvermál.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

GK-160:086 gerði kálgarður

64°01.290N 22°08.574V

Á túnakorti frá 1919 er merktur kálgarður 5-10 m suðvestan við suðvesturhorn bæjarins (001). Leifar þessa kálgarðs eru enn merkjanlegar að hluta um 1 m sunnan við heimreiðina. Kálgarðurinn er um 200 m norðan við Reykjanesbraut. Garðurinn er á grasi vöxnu svæði, eilítið aflíðandi. Garðurinn er 10 X 28 m en fjarar út til suðausturs. Hann er um 1,5 m á breidd en mest um 0,5 m á hæð. Á einstaka stað má sjá glitta í grjóthleðslur.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hvassahraun, 3

GK-160:087 Sjávargata gata leið

64°01.378N 22°08.755V

"Sjávargata lá heiman frá bæ niður í Víkina." segir í örnefnaskrá. Sjávargatan lá niður í Hvassahraunsvík. Gatan lá frá Hvassahraunsbænum (um 200 m frá Reykjanesbraut), niður tún vestan við öll kotin í túninu og niður að sjó (um 500 m neðan við Reykjanesbraut). Gatan hefur legið um grasi vaxin tún sem ræktuð voru á hraunsvæði. Ógreinileg merki slóðans má greina á stöku stað í túninu.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hvassahraun, 3


Umhverfismat

GK-160:088 gerði óþekkt


Tæpum 300 m norðaustan við Hvassahraunsbæ (001) og um 180 m norðan við réttina (023) er gerði. Gerði þetta er um 430-450 m norðan við Reykjanesbraut. Gerðið er á grasi grónu hraunsvæði. Gerðið er óreglulegt og hringlaga og samtals um 80 m að lengd. Guðmundur Sigurðsson man eftir tóft inni í gerðinu en engin tóft er þar nú. Inni í gerðinu er grasið gróið í bylgjulaga dældir (eins og eftir plógför). Garðlagið er 0,5-1 m á breidd og allt að 1 m á hæð.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

64°01.457N 22°08.553V



GK-160:089 tóft+garðlag óþekkt 64°01.467N 22°08.625V



Um 100 m austan við túngarð og Norðurkot eru garðlög og lítil tóft. Svæðið er um 40 m norðan við 088, 130 m austan við Þorvaldskot (021) og um 450-500 m neðan við Reykjanesbraut. Gróið hraunsvæði í hæðum og dölum.


Garðlögin eru tvískipt. Annars vegar er nærri ferhyrnt gerði sem er 16-18 m á lengd en um 14 m á breidd. Norðan við þetta gerði og því samfast er svo annað hringlaga hólf. Það er um 40 m í þvermál. 2 m norðan við gerðin er svo lítil tóft. Hún er ferhyrmd og 5 X 3,5 m á stærð og alveg hlaðin úr grjóti. Hleðslur hennar eru um 0,6 m á hæð. Op er á norðvesturhlið.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

GK-160:090 garðlag kálgarður

64°01.420N 22°08.577V

Hvassahraun




Fast austan við túngarð, austur af Norðurkoti eru garðlög sem a.m.k. að hluta hafa verið kálgarðar. Garðlögin eru rúmum 400 m norðan við Reykjanesbraut. Norðurkot stendur á nokkuð hárra hraunbrún en landið lækkar nokkuð snögglega austan túngarðs. Að norðan heldur hraunbrúnn þó áfram og þannig eru garðlögin í skjóli að norðan og austan, í dálítilli lægð. Garðlögin eru um 1 m á breidd en 0,4 m á hæð, hlaðin úr grjóti. Þau mynda þrjú hólf. Það vestasta er 43 X 11-12 m að innanmáli, því næst annað sem er 24-25 X 13-11 m að innanmáli og fast sunnan þess það þriðja (13 X 17 m að innanmáli). Hólfín eru byggð upp við klettavegg að norðan og eru ekki regluleg.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

GK-160:091 gerði

64°01.199N 22°09.219V



Rúmlega 1 km austan við merki við Vatnsleysu er gerði í sumarbústaðarlandinu sem þar er norðan Reykjanesbrautar. Hleðslan/garðlagið er 20-30 m norðan við veginn sem liggur

samsíða Reykjanesbraut (norðar) í landi Hvassahrauns og nálægt 100 m norðan við Reykjanesbraut. Gerðið er skammt sunnan lítills timburkofa og um 150 m suðaustan við nýlegt timburhús (íbúðarhús) sem er vestasta byggingin í landi Hvassahrauns.


Það stendur í grónu hraunlendi. Hleðslur mynda hálf-sporöskjulaga garð eða hólf, e.t.v. einhvers konar skjólgarð. Hann er 13-14 m í þvermál. Um 8-9 m breitt skarð er á vesturvegg hans.

Hættumat: mikil hætta vegna framkvæmda

gerði, horft til norðausturs

GK-160:092 hleðsla

64°01.212N 22°09.120V



Um 50 m norðaustan við 093 og fast austan við lítinn hvítan kofa (líklega aflagðan sumarbústað) er gerði upp við klettavegg. Um 100 m neðan við Reykjanesbraut. Gróið hraunsvæði. Klettaveggurinn myndar norðurhluta gerðisins og eru tveir garðar hlaðnir upp við hann um 6 m á lengd hvor. Hólfíð er opið til austurs. Hleðslur eru um 0,7 m á hæð en 0,7 m á breidd. Hugsanlegt er að um skjólgarð hafi verið að ræða.

Hættumat: mikil hætta vegna framkvæmda

GK-160:093 hleðsla leið

64°01.192N 22°09.167V

Um 50 m suðaustan við 091 er hlaðinn vegarslóði um 7 m frá norður-suður vegarslóðanum sem liggur samsíða

Umhverfismat

Reykjanesbraut í landi Hvassahrauns og að steinsteyptum grunni. 80-100 m norðan við Reykjanesbraut. Slóðinn liggur um gróið hraun. Vegurinn er einungis um 7-10 m langur en 3-4 m breiður og hleðslur eru 0,8 m á hæð.


Hættumat: mikil hætta vegna framkvæmda

GK-160:094 kofatóft

Um 50 m suðvestan við Niðurgerði (020) og beint ofan við kálgarðinn (059) er lítil tóft. Tóftin er rúmum 300 m norðan við Reykjanesbraut. Tóftin er á svæði þar sem nokkuð þýft er og sinuvöxtur er nokkur. Hún er í aflíðandi hæð. Tóftin virðist niðurgrafin að hluta. Hún er um 8 X 8 m að utanmáli. Norður- og austurveggir hennar eru lang greinilegastir og að innan eru þeir grjóthlaðnir í um 1,5 m hæð. Suður- og vesturveggir eru hins vegar verr farnir og að nokkru hrundir ofan í tóftina auk þess sem þar er nokkuð af rusli og því erfitt að mæla innanmál hennar. Það virðist þó ekki hafa verið mikið meira en 4 X 4 m.

Hættumat: mikil hætta vegna framkvæmda

64°01.332N 22°08.725V



GK-160:095 heimild um útihús


Rúmum 100 m austan við 001 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1919. Engar leifar hússins sjást nú en íbúðarhús stendur sunnan við heimreiðina á svipuðum stað og húsið hefur staðið. Nú byggingar á þessum slóðum.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

64°01.269N 22°08.714V

GK-160:096 gerði óþekkt

64°01.335N 22°09.217V




Nokkur hlaðin gerði eru rétt austan við vestustu sumarhúsin sem standa nú í Hvassahraunslandi. Þau eru um 100 m sunnan við sjávarmál. Gróið hraunlandi. Líklegt er að öll þessi gerði séu nýleg og það austasta var greinilega nýhlaðið. Hin tvö virtust aðeins eldri en þó ekki ólíklegt að þau séu fremur nýleg. Þau voru þó skráð. Austara gerðið er þríhyrningslaga og er hver hlið um 9 m á lengd. Suðurveggur þess er hlaðin ofan á hraunhæð en hleðslur eru um 0,3 m á hæð. 20 m vestar er annað gerði, örlítið grónara. Það er 20-30 m ofan við sumarbústað með burstapaki. Gerðið er ferhyrnt og um 8 X 8 m að stærð. Það er einnig byggt upp á hraunhæð.

Hættumat: mikil hætta vegna framkvæmda

GK-160:097 hleðsla

64°01.332N 22°08.818V



kofatóft, horft til suðausturs

Hleðsluleifar sjást 5 m vestan við vegarslóða sem liggur til norðurs niður að sjó vestan við Hvassahrauns-tún. Hleðslurnar eru um 80 m vestan við 094. Hleðslurnar eru í lægð í mosa- og grasigrónu hraunlendi. Hleðslurnar virðast nýlegar. Greina má hleðsluleifar sem liggja í austurs-vestur en norðan þeirra má einnig greina hleðslur á stöku stað. Þar má sjá ryðleifar og einnig steypuafganga. Samtals eru hleðsluleifarnar um 6 X 4 m að stærð.

Hættumat: mikil hætta vegna framkvæmda

GK-160:098 kofatóft

64°01.338N 22°08.844V

Einföld tóft er á hæð 20-30 m norðvestan við 097 og 40-50 m suðaustan við sumarbústaðinn Grasi gróin hæð í grónu hraunlendi. Tóftin snýr norðaustur-suðvestur. Hún er einföld og hlaðin á 3 vegu, opin til suðvesturs. Tóftin er hlaðin úr stóru grjóti og er nokkuð mosagróin. Hún er 3 X 3,5 m að stærð.


Hættumat: mikil hætta vegna framkvæmda

GK-160:099 hleðsla

64°01.383N 22°08.928V

Um 20 m vestan við vegarslóða sem liggur niður að sjó vestan við túnjaðar Hvassahrauns er hleðsla. Hún er 10 m vestan við sumarbústað sem er á milli Jónsvíkur og 028. Hleðslan er á hraunhól, umhverfis er grasi gróið hraunlendi. Ekki er greinilegt hvað þarna hefur verið, en hugsanlega varða. Grjóthleðslan er um 3 m í þvermál en 0,6 m á hæð. Hún er gróin mosa.

Hættumat: mikil hætta vegna framkvæmda



GK-160:100 kofatóft

64°01.379N 22°01.997V

60-70 m vestan við 099 og um 50 m sunnan við 028 er tóft á hæð í hrauninu. Hún er um 50 m beint ofan við sumarbústað í fjöruborðinu (við 028). Hleðslan er á hraunhól, umhverfis er grasi gróið hraunlendi.

Tóftin er 5,5 X 2 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Nokkuð er hrundið inn í tóftina og er hún mosagróin.


Hættumat: mikil hætta vegna framkvæmda

GK-160:101 hleðsla

64°01.337N 22°08.922V

30 m vestan við sumarbústaðinn Jónsvík er hlaðin upp eins konar varða. Hluti hennar er nokkuð mosagróinn en önnur ummerki benda ekki til þess að mannvirkið sé gamalt. Hleðslan er í grasi grónu hraunlendi. Hleðslan er um 1,5 m í þvermál og 1 m á hæð.

Hættumat: mikil hætta vegna framkvæmda



GK-160:102 kofatóft

64°01.368N 22°08.920V

Tóft er um 50 m norðan við sumarbústaðinn Jónsvík og 30 m sunnan við 099. Tóftin er

Umhverfismat

á hæð í grónu hrauni.

Tóftin er 2 X 5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er einföld, nokkuð hrunin og gróin en virðist þó ekki hafa verið hlaðin hátt upp.


Hættumat: mikil hætta vegna framkvæmda

GK-160:103 gerði

64°10.513N 22°08.753V

Um 150 m austan við 021 er gerði. Það er 20 m ofan við sjávarkampinn, milli hans og hraunbrúnar. Gerðið er um 50 m austan við 104. Er þar sem laut er milli sjávarkampsins og hraunendans. Gerðið er mjög sigið og gróið. Því er ekki skipt upp og ekki er lengur greinanlegt op á því. Að sunnan er gerðið byggt ofan á hraunbrúnina en hleðslur eru mest um 0,3 m á hæð.

Hættumat: mikil hætta vegna framkvæmda




GK-160:104 kofatóft

Um 60 m vestan við 103 og tæpum 100 m austan við 021 er kofatóft. Hún er um 30 m ofan við sjávarkampinn.

Tóftin er í mosa- og grasivöxnu hrauni. Tóftin er einföld og ekki er lengur hægt að greina op á henni. Hún er 4 X 2,5 m að stærð.

Hættumat: mikil hætta vegna framkvæmda

64°01.363N 22°08.920V




GK-160:105 kofatóft

Tóft er 5 m austan við vegarslóða sem liggur niður sumarbústaðahverfi í Hvassahrauni (annar vegarslóði er nokkur austur og enn annar nokkru vestar). Tóftin er um 150 m suðvestan við sumarbústaðinn Jónsvík. 5 m vestan við tóftina er girðing. Tóftin er í mosa- og grasivöxnu hrauni. Tóftin er hlaðin úr grjóti. Hún er einföld og virðist ekki hafa verið mikið mannvirki. Tóftin er 5 X 2 m að stærð, inn í henni er nú moldarflag og gaddavírsafgangar.

Hættumat: mikil hætta vegna framkvæmda

64°01.295N 22°08.909V




GK-160:106 kofatóft

Hrunin kofarúst er um 50 m suðsuðaustan við skúr sem stendur í fjörunni í sumarbústaðahverfinu í Hvassahrauni. Kofarústin er um 100 m suðvestan við brúnmálaðan sumarbústað nyrst í hverfinu.

Tóftin er í mosa- og grasivöxnu hrauni. Tóftin er mjög hrunin. Hún er nú um 6 X 7 m að stærð en einungis sökum þess að veggir hennar eru alveg hrundir, innanmál er einungis um 1 X 4 m. Op virðist hafa verið austast á norðurvegg hennar.

Hættumat: mikil hætta vegna framkvæmda

64°01.356N 22°09.120V




GK-160:107 gerði

Gerði er um 100 m vestan við vegarslóða sem liggur um sumarbústaðahverfi Hvassahrauns til norðurs (miðjuslóði, en þrjár slóðar liggja um hraunið). Það er í lægð í hrauninu, á milli tveggja sumarbústaða. Gerðið er í mosa- og grasivöxnu hrauni. Gerðið er ferhyrnt og einfalt. Það er hlaðið með einfaldri steinaröð, 13 X 13 m að stærð. 13 m austur er svo 7 m löng hleðsla sem helst virðist í tengslum við gerðið. Einungis sjást leifar smásteina þar sem norður og vesturveggir gerðisins voru.

Hættumat: mikil hætta vegna framkvæmda

64°01.295N 22°09.012V



6. Kafli. Minjar í hættu á fyrirhuguðu skipulagssvæði

Að lokinni heimildakönnun og vettvangsrannsókn er ljóst að á skipulagssvæðinu og í næsta nágrenni eru 66 minjastaðir þekktir, sem teljast samkvæmt lögbundinni skilgreiningu fornleifar og eru því friðhelgir. Ljóst er að hluti þessara staða er ekki í neinni hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda en jafnframt er mögulegt að fleiri minjar leynist á skipulagssvæðinu sem ekki eru til heimildir um og ekki sjást vísbendingar um á yfirborði. Einnig ber að hafa í huga að skipulag sumarbústaðahverfisins er enn ekki fullmótað og því erfitt að segja endanlega til um hvaða staðir teljast í mestri hættu. Í eftirfarandi umfjöllun er greint frá þeim stöðum sem þekktir eru og fyrirsjáanlegt er að gætu orðið fyrir raski vegna framkvæmdanna.

Skipulagssvæðið er fast við vesturjaðar Hvassahraunstúns, en innan túns (austan skipulagssvæðisins) eru fjölmargar fornleifar skráðar. Samtals eru skráðar 46 fornleifar utan marka skipulagssvæðisins en í nágrenni þess. 20 minjastaðir eru hins vegar innan skipulagssvæðis og því í mikilli hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þetta eru eftirfarandi staðir:

-GK-160:026	-GK-160:096
-GK-160:028	-GK-160:097
-GK-160:059	-GK-160:098
-GK-160:072	-GK-160:099
-GK-160:078	-GK-160:100
-GK-160:083	-GK-160:101
-GK-160:091	-GK-160:102
-GK-160:092	-GK-160:105
-GK-160:093	-GK-160:106
-GK-160:094	-GK-160:107

Þessum minjum má í meginatriðum skipta í þrjá flokka:

- Litlar, grjóthlaðnar kofarústir (083, 094, 098, 100, 102, 106 og 107)
- Hleðsluleifar, t.d. hleðslur undir mannvirki eða vörðuleifar (093, 097, 099 og 101)
- Gerði (028, 059, 091, 092, 096 og 105)

Auk þessa teljast túngarður Hvassahrauns (078), naust (026) og lending (072) í mikilli hættu vegna fyrirsjáanlegra framkvæmda.

7. Kafli. Tillaga um aðgerðir

Að lokinni heimildakönnun og rannsókn á vettvangi hefur komið í ljós að vitneskja liggur fyrir um nokkrar fornleifar sem eru í og við skipulagssvæðið.

Samtals eru 20 fornleifar á skipulagssvæðinu. Merkja ætti þessar fornleifar og koma í veg fyrir að þær verði skemmdar eða eyðilagðar vegna framkvæmda. Sumar þessara fornleifa virðast fremur nýlegar (t.d. 096 og 097) en þær, auk annarra fornleifa í Hvassahraunslandi, gefa þó hugmynd um búskaparhætti fyrri tíma og er tilvalið að nota þær til að auka útivistar- og menningargildi staðarins.

8. Kafli. Niðurlag

Í skýrslulok er rétt að geta þeirra takmarka sem eru á þessu mati. Mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á fornar mannvistaleifar er nýjung hér á landi og enn er langt í land að unnt sé að skera úr með fullri vissu hvort eða hversu margar minjar eru á fyrirhuguðu skipulagssvæði. Við framkvæmdir verður að hafa í huga að fornleifar geta komið óvænt í ljós og þá þurfi að stöðva framkvæmdir vegna þess þar til úrskurður Fornleifaverndar ríkisins er fenginn sbr. 20. gr. Þjóðminjalaga.

Heimildaskrá

Heimildamaður:

Guðmundur Sigurðsson f. 1919

Óprentaðar heimildir:

Fornleifastofnun Íslands

ÍSLEIF, gagnagrunnur um íslenskar fornleifar, Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson ritstj.

Þjóðskjalasafn Íslands

Jarðadeild. Uppdrættir af tünnum 1919. Þjóðskjalasafn Íslands.

Örnefnastofnun Íslands

Ö-Hvassahraun: *Örnefnalýsing Hvassahrauns.* Gísli Sigurðsson, Guðmundur Sigurðsson og Gústaf Brynjólfsson skráðu. Örnefnastofnun.

Ö-Hvassahraun AG: *Örnefnalýsing Hvassahrauns.* Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun.

Prentaðar heimildir:

ÁG: Ásgeir Guðmundsson. *Saga Hafnarfjarðar 1908-1983 I-III.* Hafnarfjörður 1983-1984.

DI: *Íslenskt fornbréfasafn I-XVI,* Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.

FF: *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823,* Sveinbjörn Rafnsson gaf út, Reykjavík 1983.

GJ: Guðmundur B. Jónsson. *Mannlíf og mannvirki í Vatnsleysustrandarhreppi.* Útgáfustað vantar. 1987

ÍF: *Íslensk fornrit I-*, Reykjavík 1933-.

JJ: Jarðatal Johnsen: *Jarðatal á Íslandi,* Kaupmannahöfn 1847.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, III.* Gullbringu- og Kjósarsýsla. Kaupmannahöfn 1943.

SG: Sesselja G. Guðmundsdóttir. *Örnefni og gönguleiðir í Vatnsleysustrandarhreppi (ofan Gamla-Keflavíkurveggarins).* Keflavík. 1995.